

FUNDARGERÐ

Árið 2018, föstudaginn 18. maí kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, sem ritaði fundargerð, og Hrafnkeli Hjörleifssyni.

Nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir og Bjarni Jónsson boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn aðrir aðilar undir eftirfarandi liðum:

Liður 3: Aðalheiður Steingrímsdóttir og Þórður Kristjánsson fulltrúar frá stýrihóp samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórna.

Liður 6: Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Liður 9: Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri Sandgerðisbæjar, Magnús Stefánsson bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs, Róbert Ragnarsson verkefnastjóri sameiningar og Bryndís Gunnlaugsdóttir sérfræðingur.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 25. apríl 2018

Lögð var fram fundargerð frá 25. apríl 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna Enduráætlun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. maí 2018, ásamt yfirliti yfir enduráætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna fyrir fjárhagsárið 2018.

Í minnisblaðinu koma fram upplýsingar og forsendur sem liggja til grundvallar á áætluðum framlögum. Sjóðnum hafa borist umsóknir vegna 970 fatlaðra nemenda vegna ársins 2018. Af þeim umsóknum féllu 645 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 116 nemendur féllu ekki undir viðmið sjóðsins og gögn liggja ekki fyrir varðandi 160 nemendur.

Tillaga að áætlun úthlutunar framlaga 2018 án Reykjavíkurborgar er 965,75 m.kr., þar af er 197,6 m.kr. vegna viðmiðunarstigs I og 768,15 m.kr. vegna viðmiðunarstigs II.

Nefndin samþykkir án athugasemda enduráætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar samtals að fjárhæð 965.750.000 kr.

3. Þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun í skólum Umsókn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá stýrihópi samstarfsráð um fjárframlag til þróunarverkefnis um stoðkerfi við starfsþróun í skólum.

Hlutverk samstarfsráðsins er meðal annars að útfæra stoðkerfi sem styður við starfsþróun kennara, aðstæður og möguleika skóla til að hafa með höndum starfsþróun á vinnustað. Taka á til reynslu þróunarverkefni í skólum um þrjár grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun sem nýtist við að móta skipulag. Gert er ráð fyrir að verkefnið fari fram á næstu tveimur skólaárum með þátttöku fjögurra skóla, eins leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, og þriggja háskóla.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er um 19 m.kr. sem dreifist yfir tímabilið. Óskað er eftir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagni kostnað vegna þátttöku leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í verkefninu skólaárið 2018-19 og 2019-20. Heildaupphæðin er um 10 m.kr. sem dreifist jafnt á fjórar annir.

Nefndin samþykkir að greiða framlag vegna verkefnisins að fjárhæð 10.080.000 kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

4. Fasteignasjóður

Umsóknir um framlög frá Reykjanesbær

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Reykjanesbæ um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs skv. 2. gr. d. liðar reglugerðar nr. 460/2018 vegna kaupa á húsnæði fyrir hæfingarstöð að Keilisbraut í Reykjanesbæ.

Um er ræða 1.000 fermetra húsnæði og eru 700 fermetrar nýttir undir starfsemi hæfingarstöðvarinnar. Kaupverðið var 115 m.kr. og óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði er nemur 25% af kaupverði fyrir þeim hluta sem nýttur verður undir starfseminu, sem er um 20,1 m.kr. Fjöldi notenda er um 30 einstaklingar

Nefndin samþykkir umsókn Reykjanesbæjar um kostnaðarþátttöku í kaupunum með framlagi að fjárhæð 20.125.000 kr. með þeim fyrirvara um staðfestingu löggilts endurskoðanda að kaupin hafi gengið í gegn og að fulltrúar frá Jöfnunarsjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga skoði húsnæðið.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Reykjanesbæ um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs skv. 2. gr. c. liðar reglugerðar nr. 460/2018 vegna breytinga á húsnæði í Reykjanesbæ.

Um er að ræða beiðni um framlag vegna breytinga á húsnæði og er heildarkostnaður við framkvæmdir um 30,8 m.kr. Óskað er eftir að framlag úr Fasteignasjóði verði 25% af áföllnum framkvæmdarkostnaði eða um 7,7 m.kr.

Nefndin samþykkir umsókn Reykjanesbæjar um kostnaðarþátttöku í breytingu á húsnæðinu með framlagi að fjárhæð 7.689.147 kr. með fyrirvara um staðfestingu löggilts endurskoðanda á kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í framkvæmdinni og að fulltrúar frá Jöfnunarsjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga skoði húsnæðið.

Umsóknir um framlög frá Félagsbústöðum – Reykjavíkurborg

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir frá Reykjavíkurborg um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs skv. 2. gr. a. liðar reglugerðar nr. 460/2018 vegna uppbyggingar á þremur sambýlum í Reykjavík.

Félagsbústaðir leggja fram þrjár umsóknir um stofnframlag vegna þriggja sambýla sem kemur á móti stofnframlagi frá Íbúðarlánasjóði. Sambýlin sem um ræðir eru við Austurbrún 6b, Þorlaksgeisla 2-4 og Kambvað 5. Fyrir liggja samningar milli Íbúðalánasjóðs og Félagsbústaða frá 29. september 2017 um stofnframlög á grundvelli laga nr. 52/2016 til byggingar sambýlanna þriggja. Samningurinn kveður á um að stofnframlagi ríkisins (18% og 4% viðbótarframlag) skuli skipt milli Íbúðalánasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. í hlutföllum 68,21% og 31,79%.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs af stofnframlagi vegna uppbyggingar eftirfarandi sambýla:

Austurbrún 6b	20.987.694 kr.
Þorlaksgeisli 2-4	15.402.424 kr.
Kambvað 5	20.765.991 kr.
Samtals	57.156.109 kr.

Nefndin samþykkti kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í framkvæmdunum með framlagi að fjárhæð 57.156.109 kr.

5. Viðbótarframlög 2018

Heildarfjárhæð framlaganna 2018 – umræða

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. maí 2018, varðandi sérstök viðbótarframlög vegna málefni fatlaðs fólks. Fram kemur að þegar hafi verið samþykkt að veita 200 m.kr. viðbótarframlagi til að koma til móts við þau svæði sem urðu fyrir hvað mestri skerðingu við það að þröskuldur inn í jöfnunarkerfið miðar nú við 5. flokk SIS matsins en ekki 4. flokk eins og áður. Greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir að viðbótarframlög geti numið allt að 400 m.kr. Rætt var um hvort hækka ætti framlagið um 200 m.kr. og hvort þá ætti að taka tillit til rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna.

Nefndin ákvað að fresta ákvörðun um hækkun viðbótarframlagsins og var starfsmönnum sjóðsins falið að kalla eftir rekstrarniðurstöðu svæðanna vegna reksturs síðasta árs.

6. Breytt aðferðarfræði við útreikningi framlaga

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir núverandi aðferðarfræði við útreikning almennra framlaga vegna fatlaðs fólks og kynnti um leið hugmyndir að nýrri aðferð við útreikning.

Ákveðið var að leita til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um að leggja sitt mat með hvaða hætti SIS matskerfinu er beitt í nýrri aðferðarfræði. Þá var rætt um mikilvægi þess að meta þá einstaklinga sem reiknast með framlög úr sjóðnum en ekki hafa farið í SIS mat.

7. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms 2018/2019

Tillaga um úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 17. maí 2018, ásamt yfirliti yfir áætluð framlög eflingar tónlistarnámi fyrir skólaárið 2018-2019.

Sveitarfélög senda upplýsingar um kennslumagn á yfirstandi skólaári sem er lagt til grundvallar að útreikningi framlaga fyrir næsta skólaár skv. reglna frá 31. ágúst 2016. Framlög eru veitt vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Nefndin samþykkti áætluð framlög til eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2018-2019 að fjárhæð 530.000.000 kr.

8. ENDURSKOÐUN Á REGLUVERKI

Hugmyndir að breytingum á núverandi kerfi

Áframhald af umræðu frá síðasti fundi þar sem fjallað var um hugmyndir að breyttu regluverki sem fram komu í skýrslu nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sem kom út síðastliðið haust. Stefnt er að því að halda áfram þeirri vinnu við að fullmóta tillögur sem hægt verður að taka afstöðu til í haust.

Ákveðið var að halda umræðu áfram á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

9. SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Fulltrúar frá sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðisbæjar

Lögð var fram til kynningar kostnaðaráætlun og greinargerð verkefnastjóra undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, dag. 15. maí 2018.

Róbert Ragnarsson ásamt fulltrúum sveitarfélaganna og undirbúningsstjórnar fóru almennt yfir sameiningarferlið og hvernig staðan er í dag. Þar næst var farið yfir kostnaðaráætlunina og spurningum nefndarmanna svarað.

Samkvæmt kostnaðaráætlun undirbúningsstjórnar nemur áætlun um kostnað vegna sameiningar 461,5 m.kr. sem nær yfir fimm ára tímabil. Áætlaður kostnaður á árinu 2018 er 167 m.kr. Ráðgjafarnefnd samþykkti á síðasta ári framlag allt að 100 m.kr. vegna þróun á stjórnsýslu í sameinaða sveitarfélaginu.

Ákveðið var að vísa erindinu til frekari umfjöllunar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

10. ÖNNUR MÁL

Ákveðið var að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði 19. júní kl: 12:15.

Guðný Sverrisdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson